

Fundur 14.3.2022 Búrdlík.

Góða kvöldið komið þið sælir.

*Góða kvöldið og vertu velkominn.*

Komið öll að hlýða á mitt erindi, tölum við frá háu fjalli, stjörnusambandsstöð og hef ég lengi stefnt til þess að komast á þennan framfara hnött og miklar úrbætur til góðs síðan ég talaði við ykkur áður og hef þetta allt í samræmi við uppgötvanir mínar og hef ég verið hér lengi að dást að náttúrunni og dást að lögmálum lífsins.

Og eru hér firna margir staddir sem þakka mér fyrir starf mitt þótt ekki hafi það alltaf verið unnið í þökk valdhafa frumlífs hnattar míns.

Og hafi ég mætt ýmsum erfiðleikum, en svo virðist mér á þessum framlífs hnetti að lífsstefnu öflin sem ég gerði mér óljósa grein fyrir í frumlífi og skrifaði um í ritum mínum af mismikilli vissu en grun þó og nokkurri fullvissu.

Séu mun fleiri og öflugri en ég gerði mér grein fyrir í frumlífi og með ólíkindum hvernig leyndardómar þeir sem framlífs hnöttur þessi geymir skuli hafa farið fram hjá mannkyni mínu í gegnum þessar ótal mörgu aldir sem liðið hafa frá því að hnöttur okkar varð til og líf kviknaði þar fyrst.

Tel ég ekki ósennilegt að sömu helstefnu öfl hafi hindrað starf mitt og helstefnu öfl þau sem hindra starf ykkar ennþá og starfið á mínum gamla frumlífs hnetti.

*Er þetta Búrdlík?*

Já Búrdlík það er rétt.

*Velkominn.*

Þakka ég fyrir, það er greinilegt að þið munið eftir mér, það eflir mig að þið kannist við mig og hjálpar mér að eflast í sambandinu.

Höfum við hér á þessum framlífs hnetti tekið á móti mörgum merkilegum samböndum og höfum orðið þess áskynja að helstefnu sókn er hafin hjá Jahve og ýmsum öðrum sem honum fylgja.

Og það er nú svo merkilegt að frumlífs hnettir okkar svo að segja sömu yfir vetrarbraut og örlög alls svæðisins því samtvinnuð og vildi ég gjarnan verða til þess að þið fengjuð sambönd við öll þau frumlífs mannkyn og framlífs mannkyn sem til eru í ykkar vetrarbraut.

Höfum við heyrt það á ýmsum sambandsfundum í okkar stjörnusambandsstöð að undaförnu að sameiginlegar eru þessar aðgerðir helstefnu mannkynja og aðrar á móti þeim frá lífstefnu mannkynjum.

Vonum við að hægt verði að lýsa þessu betur en öll þau atriði sem eru ný og ykkur framandi og munu kosta orku að koma í gegn í sambandinu og þarf því að byggja upp sambandið hægt og rólega áður en hægt er að koma því öllu til skila.

Og erum við þakklát fyrir góðar viðtökur þegar til tekst en mundi það miklu breyta ef kynningar starf á ykkar málefni myndi leiða til jákvæðrar umfjöllunar í þjóðfélagi ykkar um framlífs málefni og Nýalskrar þekkingar en við erum þess að vísu meðvituð á framlífs hnetti okkar að stilliaflið á ykkar hnetti hefur ekki skánað að ráði síðan ykkar frumkvöðull kom fram á þessu sviði og efasemdir enn þá ríkjandi og lítill vísindalegur áhugi í þessa átt.

En við erum þakklát fyrir allt sem kemst í gegn og tel ég að vísindamenn ykkar jarðar framliðnir muni reyna að koma í sambandið til ykkar fljótlega og reynum við að efla þá sömuleiðis og vera þeim samstiga.

Vil ég gjarnarn segja frá framförum þeim sem orðið hafa á okkar frumlífs hnetti í átt til friðvænlegra lífs og kærleiksríkara en veitist mér ekki tækifæri til þess að sinni.

En langar mig að segja það að lokum áður en ég fer úr sambandinu að það sem styrkti mig til sambands hér í kvöld, var sérlegur skyldleiki okkar við þjóðir þær sem berjast nú á ykkar hnetti.

En teljum við að Guðir okkar hafi komið meira við sögu sköpunar þeirra Balknesku og Slavnesku þjóða og gefið þeim þátt í tungumáli sínu og trúarbrögðum og hafi jafnvel heimsótt þá í fornaskjunn.

En alltaf verður tækifæri til að lýsa betur síðar og væri ekki slæmt ef forfeður okkar myndu koma í sambandið og lýsa þessu sjálfir en höfum við fengið nokkur slík sambönd.

Ætla ég nú að kveðja en ef ég gæti svarað einni eða tveimur spurningum væri það mögulegt.

*Á að svara þessari innrás af fullu afli eða eigum bara að horfa á þá?*

Ert þú að tala um ykkar hnött.

*Já ég er að tala um Rússana.*

Það þarf að fara með mikilli gát þar sem gereyðingarvopn eru þarna við sögunni en,

*Geta Guðirnir ekki bara gert þau óvirk?*

Ja það er ekki hægt að hafa áhrif á efnisheiminn nema samstillingin sé mjög mikil en ég vildi segja það að það er víst ekki hægt að sinni.

En ég vildi segja það að það sem vesturlönd eiga að gera er að auka kærleikann hjá sér og taka á móti flóttamönnum og vera friðar flytjandi og sáttsemjari í þessu máli og stuðla að afvopnun sem fyrst og græða þau sár sem þetta stríð veldur.

Almennt stilli ástand þarf að batna og kærleikur að aukast þá mun minnka líkurnar á stríði, ekki með vopnabaldi.

Ætlum við nú að kveðja og þökkum fyrir og vonum að við komumst aftur í sambandið eins fljótt og auðið er.

Verið þið sælir.

*Ég þakka fyrir og vertu velkominn aftur.*

Þakka fyrir.

*Vertu blessaður.*